



Hringrásarhagkerfi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Minnisblað lagt fyrir sveitarstjórn 3. september 2025



Árið 2021 var gerður samningur um sorphirðu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi við Íslenska gámafélagið eftir útboð og gildir núverandi samningur til 30. september 2025. Samningurinn felur í sér söfnun sorps á heimili, losun grenndarstöðva og gámasvæðis ásamt umsjón með losun gáma fyrir dýrahæ. Kostnaður hefur aukist verulega á samningstímanum. Kröfur um aðskilnað pappírs og plast, krafa um brennslu á dýrahæjum ásamt verðtryggingu samningsins hefur orsakað þær miklu hækkánir sem hafa raungerst á síðustu árum.

Eina sem hægt hefur verið að gera síðustu ár til að minnka kostnað hefur verið að draga úr söfnunartíðni á heimilum. Að mati fjölmargra íbúa er orðinn alltof langur tími á milli þess að söfnun eigi sér stað á heimilum.

Árið 2024 var sett upp nýtt fyrirkomulag um söfnun og vinnslu á lífrænum úrgangi sem hefur reynst vel. Það söfnunar og vinnslu fyrirkomulag hefur verið unnið í áhaldahúsi sveitarfélagsins af starfsmönnum sveitarfélagsins og gengið vel. Kostnaðurinn við rekstur þess verkefnis eitt og sér hefur verið töluverður, en mikil tækifæri eru fólgin í samlegðaráhrifum í því að taka frekari verkefni tengt úrgangsmálum og hringrásarhagkerfis inn í áhaldahús sveitarfélagsins.

Lagt er til að framlengja ekki samninginn við Íslenska gámafélagið og ekki bjóða út þjónustuna að nýju, heldur fjárfesta í tækjum og búnaði til að reka heildstætt hringrásarhagkerfi í áhaldahúsi sveitarfélagsins. Með því móti verður hægt að auka þjónustu við íbúa verulega og stöðva þær miklu kostnaðarhækkánir sem hafa orðið í rekstri sorphirðu. Slík breyting mun auka möguleika okkar til endurvinnslu og endurnýtingar ásamt því að geta uppfyllt allar ýtrustu kröfur um vinnslu og meðhöndlun úrgangs.

Keyptur verði rusla bíll, krókheysis bíll m/krana, rusla pressa, vigt og annar búnaður til þess að við getum orðið sjálfbær í því að byggja upp hringrásarhagkerfi innan sveitarfélagsins. Einnig fer af stað á næstu dögum matsskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar er varðar mögulega sorpbrennslu sem annar þörfum sveitarfélagsins á þeim úrgangi sem ekki er hægt að endurvinna eða endurnýta.

Tíðni söfnunar á heimilum verði aukin í mánaðarlega söfnun (núverandi söfnun er á 7-8 vikna fresti), grenndarstöðvar verði minni og möguleiki er að koma þeim upp á fleiri stöðum. Einnig verði opnunartími gámasvæðis alla virka daga (t.d. 9:00-16:00) og laugardaga (10:00-13:00), enda verður komin full starfsemi í vinnslu á úrgangi í áhaldahúsið sem gerir það að verkum að ekki er auka kostnaður við að halda út opnunartíma gámasvæðis.

Tekið verði upp nýtt fyrirkomulag á söfnun dýrahæja, þar sem hægt verði að koma með dýrahæ í brennslu á ákveðnum tímum ásamt því að kanna möguleika á að setja upp söfnunarkerfi í samráði við bændur. Búið er að panta brennsluofn fyrir dýrahæ sem verður tilbúinn frá verksmiðju í lok september og er áætlað að verði settur upp í október. Sú fjárfesting sem þarf að ráðast í á næstu vikum til þess að gera okkur kleift að taka sorpþjónustuna að fullu til okkar er:



Fjárfesting í sorpmálum haustið 2025	
Krókheysis bíll m/krana	20.000.000
Rusla bíll	8.000.000
Rusla pressa	4.000.000
Vigt	4.000.000
Krókheysis gámar	7.000.000
Sorptunnuskýli	7.000.000
Smátæki og fleira	10.000.000
Samtals fjárfesting	60.000.000

Fjárfestingin rúmast innan núverandi fjárhagsáætlunar, en í núverandi fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir fjárfestingum fyrir áhaldahús og tækjabúnað fyrir allt að 140 milljónir. Þar sem fjárfestingar tengt nýju áhaldahúsi munu að stærstum hluta frestast fram til ársins 2026 verður lagður fram viðauki á næsta fundi sveitarstjórnar til lækkunar á fjárfestingu ársins 2025 um u.þ.b. 50 milljónir.

Hefja þarf undirbúning að uppbyggingu á nýju athafnasvæði sveitarfélagsins með það að markmiðið að reisa fyrsta áfanga í nýrri þjónustumiðstöð áhaldahúss sumarið 2026. Ný þjónustumiðstöð verði staðsett á 7,3 hektara lóð á nýju iðnaðarsvæði sveitarfélagsins.

Miðað við gjaldskrá samkvæmt núverandi samningi við Íslenska gámafélagið og að magn úrgangs árið 2025 verði sambærilegt og árið 2024, þá stefnir að óbreyttu í að greiðslur til Íslenska Gámafélagsins árið 2025 verði um 45 milljónir án virðisaukaskatts. Því til viðbótar, ef við myndum hafa séð um sorpmálin á árinu 2025, þá hefðu viðbótar greiðslur frá úrvinnslusjóði umfram núverandi greiðslur verða rúmar 5 milljónir til okkar. Núverandi kostnaður á árinu 2025 út frá samningi við Íslenska gámafélagið eru því um 50 milljónir.

Við að taka þjónustuna til okkar, þá bætist við eitt stöðugildi í áhaldahúsið. Þrátt fyrir töluverða fjárfestingu við að taka þjónustuna til okkar, þá má gera ráð fyrir að kostnaður til framtíðar geti lækkað um tugi prósentu fyrir íbúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Einnig munum við á sama tíma auka þjónustuna við íbúa verulega og við munum uppfylla allar ýtrustu kröfur um vinnslu úrgangs, en í dag er það ekki staðan.

Lagt er til að sveitarstjórn samþykki að framlengja ekki samning við Íslenska gámafélagið, staðfesti fjárfestingu í tækjabúnaði ásamt því að samþykkja að hefja undirbúning að uppbyggingu á nýju athafnasvæði sveitarfélagsins á nýrri lóð samkvæmt drögum að nýju deiliskipulagi. Nýtt deiliskipulag verði sent í auglýsingu í september.